

8.fundur

Föstudaginn 19. janúar 2007 kom hreppsnefnd langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 15:07.

Mætt voru: Aðalbjörn Arnarsson, Jóhanna Helgadóttir, Marínó Jónsson, Árni Davíð Haraldsson, Þórir Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Siggeir Stefánsson, auk sveitarstjóra Björns Ingimarssonar.

Oddviti setti fund og bauð menn velkoman.

Dagskrá.

1. Mál. Kjör oddvita og varaoddvita.

Sigurður Ragnar tók til máls og þakkaði sínum samstarfsmönnum og sveitarstjóra fyrir gott samstarf á liðnum árum. Kosið var á miðum og hlaut Siggeir Stefánsson 4 atkvæði, Sigurður Ragnar 3. atkvæði og er því Siggeir réttkjörinn oddviti. Sigurður Ragnar óskaði Siggeir til hamingju með oddvitastarfið sem Siggeir þakkaði og óskaði um leið eftir góðu samstarfi við Sigurð Ragnar, sem væri reynslumikill.

Varaoddviti. Þórir Jónsson 4. atkvæði, Árni Davíð 3. atkvæði.

Varavaraoddviti. Aðalbjörn Arnarsson 4. atkvæði, Marínó 3. atkvæði.

2. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur, 3. og 4. janúar 07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 16. janúar 07. Lög fram.
- Fræðslu- og menningarnefnd, 04.01.07.

Bókun. “Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að láta vinna ytra mat á starfsemi grunnskólanna í sveitarfélaginu með það að markmiði m.a. að móta stefnu í rekstri skólanna til lengri tíma lítið. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu ásamt fræðslu- og menningarnefnd”. Samþykkt samhljóða, fundargerð samþ. samhljóða.

- Umhverfis- skipulag- og bygginganefnd, 09.01.07. Samþykkt samhljóða.
- Íþrótt- og tómstundanefnd, 03.01.07.

Bókun.” Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að ráðstafa kr. 200.000,- til uppbyggingar og endurbóta á húsnæði félagsmiðstöðvar í sk. Svartholi. Gera skal ráð fyrir kostnaði vegna þessa undir rekstri íþrótt- og tómstundafulltrúa. Samþykkt samhljóða. Fundargerð. Samþykkt samhljóða.

- Hafnarnefnd, 04.01.07. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðisnefnd Norðurlands svæðis eystra, 97. fundur.
- Eyþing. Stjórnarfundur, 15.12.07.

4. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu.

5. Mál. Innsend erindi til afgreiðslu.

- Markaðsskrifstofa ferðamála Norðurlands. Þjónustusamningur. Bókun. “ Í ljósi þess m.a. hversu óljós framtíðarstaða Markaðsskrifstofu ferðamála Norðurlands er treystir hreppsnefnd Langanesbyggðar sér ekki til að gera þjónustusamning við Markaðsskrifstofuna á þessu ári”. Samþykkt samhljóða.

- Samorka. Aðalfundur Samorku 9. feb. 2007. Bókun. “ Samþykkt að senda ekki fulltrúa á aðalfund samorku að þessu sinni”. Samþykkt samhljóða.

6. Mál. Staðfestar samþykktir Langanesbyggðar.

Lagðar fram til kynningar.

7. Mál. Fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2007. Fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun vísað til annarrar umræðu. Stefnt að aukafundi vegna málsins 31. janúar 2007. Samþykkt samhljóða.

8. Mál. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar.

Byggðaráð.

Aðalmenn:

Þórir Jónsson, M-lista.

Aðalbjörn Arnarsson, K-lista.

Sigurður Ragnar Kristinsson, O-lista.

Varamenn:

Óskar Óskarsson, M-listi.

Siggeir Stefánsson, K-lista.

Marinó Jónsson, O-lista.

Atvinnumálanefnd.

Aðalmenn:

Nanna Höskuldsdóttir, K-lista.

Agnar Jónsson, M-lista.

Indriði Þóroddsson, K-lista.

Ágúst Marinósson, O-lista. - 891 9266

Marinó Jónsson, O-lista.

Varamenn:

Guðjón Gamalíelsson, K-lista.

Þorsteinn Vilberg Þórisson, M-lista.

Sigurjón J. Friðriksson, K-lista.

Eyþór Atli Jónsson, O-lista.

Steinunn Guðnadóttir, O-lista.

Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd.

Aðalmenn:

Sigurður Jóhannes Jónsson, M-lista.

Axel Gunnarsson, K-lista.

Jóhanna Helgadóttir, K-lista.

Áki Guðmundsson, O-lista.

Kristján Úlfarsson, O-lista.

Varamenn:

Ásgeir Kristjánsson, M-lista.

Konráð Jóhannsson, K-lista

Sigurjón J. Friðriksson, K-lista.

Sóley Indriðadóttir, O-lista.

Steinn Karlsson, O-lista.

Fræðslu- og menningarnefnd.

Aðalmenn:

Guðni Örn Hauksson, K-lista.

Sigurður Jóhannes Jónsson, M-lista.

Hilma Steinarsdóttir, O-lista.

Sigurður R. Kristinsson, O-lista.

Varamenn.

Guðrún Helgadóttir, K-lista.

Sigríður Ó. Indriðadóttir, M-lista.

Sólveig Óladóttir, O-lista.

Magnús Helgason, O-lista.

Íþróttu- og tómstundanefnd.

Aðalmenn:

Linda E. Pehrson, M-lista.

Sóley Vífilisdóttir, K-lista.

Árni Davíð Haraldsson, O-lista.

Víðir Már Hermannsson, O-lista.

Varamenn:

Almar Marinósson, K-lista.

Aldís Gunnlaugsdóttir, M-lista.

Heiðrún Óladóttir, O-lista.

Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, O-lista.

Aðalmaður í Vímuvarnarnefnd Langanesbyggðar Jóhanna Helgadóttir. Samþykkt samhljóða.

Fulltrúi á Landsþing Samb. ísl.sveitarf.

Aðalmaður: Björn Ingimarsson.

Varamaður: Siggeir Stefánsson. Samþykkt samhljóða.

Fulltrúi á aðalfund Eyþings.

Aðalmenn. Björn Ingimarsson og Siggeir Stefánsson.

Varamenn: Þórir Jónsson og Sigurður R. Kristinsson. Samþykkt samhljóða.

Fulltrúi í Héraðsnefnd.

Aðalmaður: Björn Ingimarsson.

Varamaður. Þórir Jónsson. Samþykkt samhljóða.

Atvinnumálanefnd.

Formaður: Nanna Höskuldsdóttir.

Varaformaður: Agnar Jónsson. Samþykkt með 4. atkvæðum. Enginn á móti.

Umhverfis-skipulags og bygginganefnd.

Formaður: Sigurður Jóhannes Jónsson.

Varaformaður: Axel Gunnarsson. Samþykkt með 4. atkvæðum. Einn á móti það var Sigurður Ragnar Kristinsson.

Fræðslu- og menningarnefnd.

Formaður Guðni Örn Hauksson

Varaformaður Sigurður Jóhannes Jónsson. Samþykkt með 4. atkvæðum. Enginn á móti.

Íþróttu- og tómstundanefnd.

Formaður. Linda Pehrson.

Varaformaður. Sóley Vífilisdóttir.

Samþykkt með 4. atkvæðum. Enginn á móti.

Dagskrá tæmd. Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 17:22.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.